



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Ársskýrsla  
2014/2015







---

## Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur .....	4
2. Starfsemi .....	8
3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2014-15 .....	16
4. Tónleikar starfsárið 2014-15 .....	18
5. Hljóðritanir og hljómdiskar .....	26
6. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu .....	27
7. Starfsmannahald .....	32
8. Fjöldi tónleikagesta .....	36

# 1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2014-15 var 65. starfsár Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands og fjórða heila starfsár hljómsveitarinnar í Hörpu. Alls hélt hljómsveitin 68 tónleika á starfsárinu, auk Tectonics-hátíðarinnar og annarra viðburða. Um 75 þúsund gestir sóttu viðburði á vegum hljómsveitarinnar og flutt voru yfir 181 minni og stærri verk. Alls komu 573 listamenn fram með hljómsveitinni á ýmsum tónleikum á starfsárinu m.a. hljómsveitarstjórar, einleikarar, einsöngvarar, hljóðfæraleikarar, kórar og dansarar og fleiri.

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrar- kostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%.

## Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Í nóvember 2014 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra nýja stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands til fjögurra ára. Nýr stjórnarformaður var skipaður Sigurbjörn Þorkelsson.

Stjórnin er þannig skipuð: Sigurbjörn Þorkelsson, formaður stjórnar. Ólöf Nordal, varaformaður (sagði af sér stjórnarsetu en í stað hennar var skipaður Friðjón Friðjónsson). Oddný Sturludóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg. Margrét Þorsteinsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ (sagði sig frá stjórnarsetu og í stað hennar var skipuð Bryndís Pálsdóttir). Jens Garðar Helgason, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Varamenn eru: Óttar Guðjónsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svanhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sigurjón Kjartansson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Sigurður Bjarki Gunnarsson, tilnefndur af SMFSÍ (sagði sig frá varamennsku en í hans stað er Bryndís Björgvins-

dóttir). Helga Árnadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Á starfsárinu 2014-15 hélt stjórn Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands alls 10 fundi.

## Rekstur

Starfsárið 2014-15 var fyrsta heila starfsár Örnú Kristínar Einarsdóttur sem framkvæmdastjóra en hún er ráðin til fjögurra ára og tók við stöðunni í september 2013.

Helsta verkefni framkvæmdastjóra var að ná tökum á rekstri hljómsveitarinnar en töluverður hallarekstur hafði verið eftir að hljómsveitin flutti inn í Hörpu og ljóst að greiða þarf niður uppsafnaða skuld við ríkissjóð. Til að sporna við stöðunni var farið í mjög nákvæma áætlanagerð um alla þætti rekstursins bæði hvað varðar tónleikahald en einnig aðra þætti starf- seminnar, svo sem starfsmannahald og markaðs- setningu. Árangur aðhaldsins sýndi sig strax og fjárhagsárið 2014 var greinilegur viðsnúningur á rekstrinum og niðurstaða rekstrarársins jákvæð auk þess sem uppsöfnuð skuld við ríkissjóð var greidd niður um nær helming (sbr. rekstrarreikning SÍ 2014)

Á sama tíma náðist hæsta útkoma stofnunarinnar til þessa í starfsánægjukönnun á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis í samvinnu SFR og VR á Stofnun ársins 2014, en könnunin hefur verið gerð undanfarin 4 ár.

## Aðalgestastjórnandi

Eitt af stóru verkefnum starfsárið 2014-15 var leit að nýjum aðalhljómsveitarstjóra en slík leit getur tekið langan tíma. Það skipti því sköpum fyrir hljómsveitina að Osmo Vänskä skyldi samþykka að taka stöðu aðalgestastjórnanda hljómsveitarinnar frá og með starfsárinu 2014-15 til þriggja ára. Osmo Vänskä



---

hefur náð einstöku sambandi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og lagt grunn að listrænni framþróun hennar allt frá því að hann var aðalhljómsveitarstjóri hennar árin 1993-96. Ljóst var að nafn Osmo, sem stendur á hátindi síns ferils væri mikil viðurkenning fyrir hljómsveitina sem myndi styrkja okkur í leitinni að nýjum aðalhljómsveitarstjóra.

### **Staðarlistamaður**

Í byrjun árs 2015 var Daníel Bjarnason tónskáld og hljómsveitarstjóri ráðinn staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands til loka starfsársins 2015-16. Sem staðarlistamaður mun Daníel gegna tvíþættu hlutverki sem hljómsveitarstjóri og tónskáld auk þess að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar.

Fyrirhugað er að Daníel muni stjórna Sinfóníuhljómsveitinni á fjölda tónleika, m.a. áskriftartónleikum, fjölskyldutónleikum, skólatónleikum og á tónleikaferðum. Sinfóníuhljómsveitin og Cincinnati Symphony Orchestra pöntuðu auk þess nýtt verk af Daníel sem frumflutt var í mars 2015 af Cincinnati Symphony Orchestra en Sinfóníuhljómsveitin mun flytja verkið á starfsárinu 2015-16.

Að auki mun Daníel stýra tónskáldastofu sem hljómsveitin stendur fyrir í samvinnu við Íslenska tónverkamiðstöð þar sem ungum tónskáldum gefst tækifæri til að semja verk fyrir hljómsveit undir handleiðslu Daníels.

Ráðning aðalgestastjórnanda og staðarlistamanns er hugsuð sem leið til þess að styrkja listræna stöðu hljómsveitarinnar á meðan að ekki er starfandi aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi. Ljóst er að samstarf hljómsveitarinnar við tónlistarmenn á borð við Osmo Vänskä og Daníel Bjarnason skiptir hljómsveitina sköpum, styður við listræna framþróun hljómsveitarinnar og opnar leiðir í alþjóðlegu tilliti, bæði hvað varðar samstarf við erlendar hljómsveitir, menningarstofnanir og hátíðir en ekki síður frábæra einleikara og listamenn.

Árni Heimir Ingólfsson sneri aftur til starfa með hljómsveitinni eftir þriggja ára hlé í byrjun starfsársins 2014-15 og nú sem listrænn ráðgjafi. Árni Heimir hafði áður gegnt stöðu tónlistarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2007 en lét af því starfi um mitt ár 2011. Endurkoma Árna Heimis var mikill fengur fyrir Sí enda tónlistarþekking hans, listræn sýn og tengsl við hinn klassíska tónlistarheim, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum gríðarlega mikilvæg fyrir hljómsveitina. Sem listrænn ráðgjafi er Árni Heimir formaður verkefnavalsnefndar og hefur yfirumsjón með verkefnavali hljómsveitarinnar. Hann sér einnig um að ráða einleikara og hljómsveitarstjóra og setur saman efnisskrá hverra tónleika í samráði við hljómsveitarstjórana.

### **Verkefnavalsnefnd**

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er stjórn hljómsveitarinnar heimilt að skipa verkefnavalsnefnd og skilgreina hlutverk og skipulag þeirrar nefndar. Starfsárið 2013-14 tók stjórn þá ákvörðun að stækka verkefnavalsnefndina úr 5 manns í 9 manns með það fyrir augum að efla nefndina þannig að þar séu höfð til hliðsjónar listræn, fræðslu, markaðs- og rekstrarleg sjónarmið. Skipað var í nefndina til tveggja ára. Tónleikastjóri, fræðslustjóri og kynningar- og markaðsstjóri sitja nú í verkefnavalsnefnd. Þrír hljóðfæraleikarar eru skipaðir í nefndina af SMFSÍ og einn er skipaður af stjórn. Auk þess eru aðalhljómsveitarstjóri og tónlistarstjóri/listrænn ráðgjafi sjálfskipaðir. Verkefnavalsnefnd er skipuð til tveggja ára. Starfsárið 2014-15 sátu í verkefnavalsnefnd: Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi og formaður nefndarinnar, Daníel Bjarnason skipaður af stjórn, Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri, Magnús Lyngdal fulltrúi stjórnar, Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari, Eiríkur Örn Pálsson og Steef Van Oosterhout eru skipuð af SMFSÍ og Þórunn Ósk Marinósdóttir varamaður.

## Starfsárið 2014-15

Starfsárið 2014-15 var fjórða heila starfsár Sinfóníu-hljómsveitarinnar í Hörpu. Starfsárið hófst hins vegar með stífum undirbúningi fyrir debút tónleika hljómsveitarinnar í London á hinni virtu og merku tónlistarhátið BBC Proms í Royal Albert Hall. Tónleikarnir voru haldnir föstudaginn 22. ágúst fyrir troðfullu húsi og fengu fádæma viðtökur viðstaddra. Stjórnandi var Ilan Volkov, sem látið hafði af störfum sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Hljómsveitarinnar um vorið. Einleikari var bandaríski píanistinn Jonathan Biss. Yfirskrift tónleikanna var Tectonics Classic sem vísaði til nútímatónlistarhátiðarinnar Tectonics sem Ilan Volkov setti á stofn með Sinfóníuhljómsveit Íslands og vakið hafði alþjóðlega eftirtekt. Á efnisskránni voru verkin Magma eftir Hauk Tómasson, píanókonsert í a-moll eftir Schubert, Geysir eftir Jón Leifs og sífónía nr. 5 eftir Beethoven.

Tónleikarnir voru í beinni útsendingu bæði á BBC Radio 4 og á Rás 1. Viðtöl voru við flytjendur og framkvæmdastjóra á báðum miðlum. Umfjöllun um tónleikana var mjög jákvæð og vakti athygli en tónleikarnir voru valdir einir af eftirtektarverðustu tónleikum á Proms 2014 af breskum fjölmiðlum.

Það sem helst einkennir starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er fjölbreytileiki verkefna. Þannig var á starfsárinu 2014-15, rétt eins og hin fyrri starfsár hljómsveitarinnar boðið upp á litríka og spennandi blöndu af sígildum hljómsveitarverkum, einleikskonsertum, léttri klassík, kvikmyndatónlist og samtímatónlist, auk barna- og fjölskyldutónleika.

Einn af hápunktum starfsársins var án efa heimsókn píanóleikarans Evgeny Kissin hingað til lands, en hann er goðsögn í tónlistarheiminum. Undir stjórn Vladimir Ashkenazy heiðurshljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar lék hann píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov sem er einn dáðasti píanókonsert allra tíma. Einnig má nefna komu ástralska tenórsins Stuart Skelton en hann söng titilhlutverkið í tónleikauppfærslu á Peter Grimes á Listahátíð í Reykjavík 2015. Lokatón-

leikar starfsársins voru svo helgaðir hátíðarhöldum í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna þar sem hin brasilíska Ligia Amadio stóð á hljómsveitarstjórappallinum og stjórnaði verkum eftir konur. Í tengslum við tónleikana stóð Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir málþingi um stöðu kvenna í hinum klassíska tónlistarheimi. Málþingið sem tókst einstaklega vel, varpaði ljósi á stöðu kvenna í hinum klassíska heimi en þar hafa kventónskáld og kvenhljómsveitarstjórar átt erfitt uppdráttar. Hins vegar hefur kynjahlutfallið í flestum sífóníuhljómsveitum jafnast út eftir að hljómsveitir tóku upp prufuspil á bak við tjald á 8. áratug síðustu aldar. Þetta þykir gott dæmi í kynja- og mannauðsfræðum um jafna getu kynjanna til starfa sem áður höfðu aðallega verið unnin af öðru kyninu.

Í fyrsta skipti í 65 ára sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands varð að fella niður tónleika hljómsveitarinnar vegna verkfalls hljóðfæraleikara 9. apríl 2015. Verkfallið var hluti af allsherjarverkfalli BHM þennan dag þar sem 17 aðildarfélög lögðu niður vinnu. Alla vikuna æfði hljómsveitin fyrir fyrirhugaða tónleika enda vonast til þess að samningar næðust í tæka tíð. Þegar ljóst var að svo yrði ekki ákvað hljómsveitarstjórinn Olari Elts að leika alla efnisskrá tónleikanna á lokaæfingunni þannig að heildartilfinning fengist af vinnu vikunnar. Áskrifendum og öðrum gestum voru boðnir miðar á aðra tónleika hljómsveitarinnar eða endurgreiðslu að öðrum kosti.

Samningaviðræður ríkisins við BHM sigldu að lokum í strand og lauk með gerðardómi sem úrskurðaði um launahækkunar til aðildarfélaga BHM, þar með töldu starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, 14. ágúst 2015.

RÚV og Sinfóníuhljómsveit Íslands gerðu með sér nýjan samstarfssamning þar sem tekið er höndum saman um að efla frekar miðlun fjölbreyttrar tónlistar til þjóðarinnar en fyrri samningur rann út fyrir nokkrum árum. Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri og Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri undirrituðu nýjan samstarfssamning í byrjun starfsársins.





## 2. Starfsemi

### Áskriftarraðir

Áskriftarraðir voru með sama móti og síðustu ár og boðið upp á fjórar raðir; gula, rauða og græna auk Litla tónsprotans sem hugsaður er fyrir alla fjölskylduna. Í rauðri og gulri röð er boðið upp á 7 tónleika en í grænni röð 5. Á þessum röðum hafa gestir sitt fasta sæti á alla tónleika raðarinnar. Fyrir utan litaraðirnar stendur áskrifendum til boða að setja saman sína eigin röð á Regnbogakort. Þar er hægt að velja tónleika eftir eigin höfði og tryggja sér góð sæti með afslætti. Hver og einn er þá nokkurs konar „listrænn stjórnandi“ að sinni röð.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á stafsárinu 2014-15 voru samtals 68 auk auk annarra viðburða sem voru 32 talsins.

Tónleikar		
Gul röð	7	
Rauð röð	8	Þar af 1 endurteknir
Græn röð	7	Þar af 3 endurteknir
Litli tónsprotinn	7	Þar af 3 endurteknir
Tónleikar utan áskrifta	18	Þar af 8 endurteknir
Barnastundir	2	
Hádegistónleikar	2	
Leik- og grunnskólatónleikar	16	
Framhaldsskólatónleikar	1	
<b>Tónleikar alls</b>	<b>68</b>	

Aðrir tónleikar og viðburðir	
Tectonics Reykjavík	8
Ungsveit Sinfóníunnar/tónleikar	1
Opnar æfingar fyrir eldri borgara	1
Tónleikakynningar	15
Skólaheimsóknir	7
<b>Samtals viðburðir</b>	<b>32</b>

### Tónleikar utan áskriftar

Af tónleikum utan raða má nefna tónleika með fær-eysku söngkonunni og lagasmiðnum Eivöru Pálsdóttur í Norðurljósum. Þar flutti Eivör ásamt færeyskri hljómsveit sinni og SÍ lög eftir sjálfa sig í útsetningum Tróns Bogasonar af nýútkominni plötu, Room.

Stjórnandi á tónleikunum var Bernharður Wilkinson.

Í maí sneri Rico Saccani, fyrrum aðalhljómsveitarstjóri SÍ á árunum 1998-2000, aftur til hljómsveitarinnar og stjórnaði sínum fyrstu tónleikum í Eldborg. Ástir og örlög voru í brennidepli á tónleikunum og efnisskráin fjölbreytt og skemmtileg. Tónleikarnir hlutu góðar viðtökur og greinileg ánægja með að fá Rico aftur á hljómsveitarpallinn.

### Samstarf við Hörpu

Í nóvember 2014 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Hnotubrjótnum eftir Tsjakovskij undir stjórn Sergei Fedoseev. Viðburðurinn sem Harpa stóð fyrir tókst mjög vel og var eftirspurnin slík að sýningarnar urðu fimm talsins. Stefnt er að því að samstarfið verði árlegt og ljóst að þar er möguleiki fyrir hljómsveitina að breikka hlustendahóp sinn og leika fyrir nýja áheyrendur.

### Framlög Sinfóníuhljómsveitar Íslands til hátíða

Sinfóníuhljómsveit Íslands tók virkan þátt í hátíðum sem haldnar voru í Reykjavík. Hljómsveitin gat þó ekki að þessu sinni viðhaldið þeirri hefð að efna til tónleika á Menningarnótt í Reykjavík þar sem það rakst á við tónleikaferð hljómsveitarinnar til London á tónlistarhátíð BBC Proms í Royal Albert Hall. Þess í stað var fyrir ferðina haldin opin lokaæfing í Hörpu fyrir fullum Eldborgarsal þar sem dagskrá Proms tónleikanna var leikin í heild sinni.

### Tectonics Reykjavík tónlistarhátíðin

Tectonics 2015 var haldin af Sinfóníuhljómsveit Íslands dagana 16. og 17. apríl. Var þetta í fjórða sinn sem Tectonics fer fram. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar og hugmyndasmiður var Ilan Volkov. Hátíðin var



eins og áður vettvangur tónlistarlegra tilrauna, framkvæmdum af einstaklega fjölbreyttum hópi flytjenda úr hinum ýmsu geirum tónlistarinnar þar sem framúrstefnufólk vann með sinfóníuhljóm-sveitinni, atvinnumenn með áhugafólki og nemendur með reyndum tónskáldum. Hátíðin hefur fengið byr undir vængi og er nú haldin í Glasgow, Adelaide í Ástralíu, New York og Tel Aviv.

Á **Iceland Airwaves** flutti hljómsveitin ásamt Jóhanni Jóhannssyni tónlist hans við kvikmynd Bill Morrison, *The Miners' Hymns* undir stjórn Guðna Franzsonar. Jóhann Jóhannsson er einn af virtustu kvikmyndatónskáldum í heimi í dag og hlaut á síðasta ári fjölda viðurkenninga og tilnefninga til æðstu verðlauna í kvikmyndaheiminum, svo sem Golden Globe, Grammy og Óskarsverðlaunanna.

Á **Myrkum músikdögum** stjórnaði Petri Sakari, fyrrum aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníunnar, verkum eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Hilmar Þórðarson og Leif Þórarinsson. Hávarður Tryggvason lék einleik á kontrabassa í verki Þorkels Sigurbjörnssonar, Niður og Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari hljómsveitarinnar, var einleikari í fiðlukonsert Leifs Þórarinssonar.

Einn af hápunktum starfsársins var frumflutningur á Íslandi á óperu Benjamin Britten, Peter Grimes á **Listahátíð í Reykjavík**. Sinfóníuhljómsveitin hafði frumkvæði að verkefninu en þetta var fyrsta samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar á sviði en Harpa og Listahátíð í Reykjavík voru einnig samstarfsaðilar.

Hljómsveitarstjóri var Daníel Bjarnason en með titilhlutverkið fór ástralski tenórinn Stuart Skelton. Skelton var valinn Söngvari ársins á International Opera Awards árið 2014. Skelton hefur sungið hlutverkið oft áður og hlotið mikið lof fyrir. Með hlutverk Ellen Orford fór breska sópransöngkonan Judith Howarth og Ólafur Kjartan Sigurðarson var í hlutverki Balstrode. Önnur hlutverk voru í höndum þekktra íslenskra óperusöngvara. Tónleikauppfærslan

fékk tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónlistarviðburður ársins og hljómsveitin var einnig tilnefnd ásamt Íslensku óperunni og Daníel Bjarnasyni sem flytjandi ársins fyrir Peter Grimes.

### Tónleikaferðir

Fyrir utan tónleikaferð til London í upphafi starfsársins var fyrirhugað að vera með tónleika í Hofi á Akureyri föstudaginn 13. mars, þar sem endurtaka átti Eldborgartónleika fimmtudagsins á undan. Á efnis-skránni voru verk eftir Magnus Lindberg, flautukonsert eftir Rodrigo með Áshildi Haraldsdóttur sem einleikara, auk sinfóníu nr. 1 eftir Sibelius. Stjórnandi tónleikanna var Anna-Maria Helsing annar af tveimur kvenstjórnendum starfsársins. Föstudaginn 13. mars reið stormur yfir landið sem gerði það að verkum að ekki var fært með flugi til Akureyrar. Því varð að fella tónleikana niður og ljóst að ekki yrði hægt að koma síðar á starfsárinu enda hver vika skipulögð og því lítið svigrúm sem hljómsveitin hefur. Strax var þó ákveðið að fara norður starfsárið á eftir og yrði sú ferð hluti af stærri tónleikaferð út á land.

### Fræðslustarf

#### Skólatónleikar og fræðsluverkefni

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur úti öflugum fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Auk fjölskyldutónleika í tónleikaröðinni Litla tónsprotanum býður hljómsveitin nemendum frá leikskólum upp í framhaldsskóla til skólatónleika. Einnig er tekið á móti nemendum, á grunn-, framhalds- og háskólastigi, í starfskynningu og skólahópum sem óska eftir fræðslu um starfsemi hljómsveitarinnar. Hátt í 400 nemendur nýttu sér þessa þjónustu hljómsveitarinnar. Allt fræðslustarf SÍ er skólum að kostnarslausu.

Hljómsveitin hélt sextán leik- og grunnskóla-tónleika og eina menntaskólatónleika á starfsárinu í Hörpu. Einnig sótti hljómsveitin sjö grunnskóla heim og lék fjölbreytta dagskrá fyrir nemendur í 1.-10. bekk.

Í fræðsluviku hljómsveitarinnar í marsmánuði lék Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts með hljómsveitinni í Eldborg að viðstöddum nemendum úr skólum í Árbæ og Breiðholti. Eftir tónleikana bauð hljómsveitin til samverustundar í Hörpuhorni með tónleikagestum og hljóðfæraleikurum.

Hljómsveitin tók þátt í opunarhátíð Barnameningarhátíðar með verkefninu Dimmalimm og Svana vatnið. Þá var boðið upp á það nýnæmi að sjónvarpa tvennum skólatónleikum til prufu á Patreksfjörð. Útsendingarnar tókust vel og myndaðist mikil stemning í Skjaldborg þar sem nemendur á Patreksfirði hlýddu á tónleika. Ákveðið var að bjóða fleiri sveitarfélögum að slást í hópinn á næsta starfsári og sjónvarpa þá einnig frá tvennum ólíkum skólatónleikum.

### Barnastund

Barnastundir hljómsveitarinnar sem hófu göngu sína á vordögum 2012 hafa frá upphafi verið mjög vinsælar. Á starfsárinu voru haldnar tvær Barnastundir með aðgengilegri 30 mínútna dagskrá fyrir allra yngstu áheyrndurnar. Barnastundirnar eru í opnu rými í Hörpu í návígi við hljómsveitina.

### Ungsveit Sinfóníuhljómsveitarinnar

Haustið 2014 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands viðamikili hljómsveitarnámskeið fyrir lengra komna tónlistarnema. Að þessu sinni samanstóð dagskrá námskeiðsins af fantasíuforleiknum Rómeó og Júlíu eftir Tsjajkovskíj og Myndum á sýningu eftir Músorgskíj. Stjórnandi Ungsveitarinnar var Petri Sakari. Í Ungsveitinni leika nemendur við hlið hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands og vinna með hljómsveitarstjórum á heimsmælikvarða.

### LHÍ

Samstarf hefur verið á milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og tónlistardeildar Listaháskólans að lengra komnir nem-

endur sem stunda nám í hljómsveitarleik komi og leiki með hljómsveitinni á allt að þremur æfingum á starfsárinu, að undangengnum undirbúningi kennara, og sæki tónleika sveitarinnar þar sem þátttökuverkin eru flutt.

### Ungir einleikarar

Í samstarfi við Listaháskóla Íslands heldur Sinfóníuhljómsveitin keppni fyrir unga einleikara og einsöngv-ara ár hvert. Sigurvegarar þeirrar keppni koma fram með hljómsveitinni á sérstökum tónleikum. Í nóvember 2014 unnu fjórir einleikarar sér rétt til að koma fram og leika einleikskonserta með hljómsveitinni. Tónleikarnir fóru fram í janúar 2015.

### Tónleikakynningar

Á starfsárinu var boðið upp á 15 tónleikakynningar í Hörpuhorni á undan völdum tónleikum í gulri, rauðri og grænni áskriftarröð. Tónleikakynningarnar eru unnar í samvinnu við Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar og sáu Sigurður Ingvi Snorrason, fyrrum klarínnettuleikari SÍ, Helgi Jónsson, tónlistarfræðingur og Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri SÍ um kynningarnar. Einnig hélt Árni Heimir Ingólfsson fyrirlestur um klassíska tónlist í Kaldalóni í upphafi starfsársins.

### Aðrir viðburðir

Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar buðu eldri borgurum á opna æfingu á Vínartónlist í upphafi nýs árs. Viðburðurinn mæltist mjög vel fyrir og sóttu

### Skólatónleikar og fræðslustarf

	Tónleikar/viðburðir	Nemendur
Leik- og grunnskólatónleikar	16	10.700
Framhaldsskólatónleikar	1	900
Skólaheimsóknir/tónleikar	7	2000
Starfskynningar f. skólahópa		400
Ungsveit SÍ /Hljómsveitarnámskeið		80
		<b>Nemendur alls: 14.080</b>

---

um 1000 gestir opnu æfinguna, bæði af dvalarheimilum og eins úr félagsstarfi eldri borgara.

Áframhaldandi samstarf var á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts (SÁB). Á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar kom elsta sveit skólahljómsveitarinnar fram með Sinfóníunni við góðar undirtektir.

### **Mannauðsmál**

Á starfsárinu 2014-15 störfuðu um 100 fastráðnir starfsmenn (97,5 stöðugildi) hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 60 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu.

Haldið var áfram að leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna á starfsárinu, enda er það á ábyrgð allra innan SÍ að halda góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólkinu, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ þar sem tekið var á ýmsum umbótamálum. Framkvæmdastjóri bauð hluta starfsmanna á starfsárinu í viðtal þar sem þeim gafst tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri á formlegan hátt og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Starfsmannasamtal milli leiðara og hljóðfæraleikara hefur fest sig í sessi og hélt áfram veturinn 2014-15 með það að markmiði að styrkja og efla starfsmenn. Helstu áherslupunktur eru sem fyrr líðan starfsmanns, upplýsingaflæði, starfið og starfsánægja, framtíðaráform og endurgjöf.

Mikil áhersla er lögð á að efla heilsu enda eru störf starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands líkamlega og andlega krefjandi. Boðið var upp á heilsuæfingar á sviði, heilsunudd á góðu verði og stutt er við heilsurækt í Hörpu.

Í mannauðsstefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands kemur fram að starfsmenn beri ábyrgð á starfsanda á

vinnustaðnum og beri að sýna aga í vinnubrögðum. Þar kemur einnig fram ósk starfsmanna um að framkoma á vinnustað einkennist af virðingu, tillitssemi og kurteisi. Segja má að þessar áherslur séu okkar leiðarljós við að skapa góðan vinnustað til framtíðar.

### **Markaðs- og kynningarmál**

Heildarfjöldi tónleikagesta 2014-15 var 75.588 manns og eru þá taldir gestir á öllum tónleikum sveitarinnar með skólatónleikum í Hörpu. Aukningu gesta milli ára má meðal annars rekja til tónleika SÍ í London og fjölda gesta á ballettsýningum í Hörpu.

Áskriftarkortasala dróst lítillega saman en lausamiðasala bætti það upp og var heildarfjöldi seldra miða sá sami og starfsárið á undan. Þess má geta að miðasala á ballettinn er ekki inni í miðasölutölum SÍ þar sem Harpa stóð fyrir sýningunum og miðasölu.


Starfsárið hófst af miklum krafti með ferð á BBC Proms í London sem vöktu mikla athygli fjölmiðla bæði erlendis og hér heima. Stuttu eftir heimkomuna lék Kissin tvenna tónleika með hljómsveitinni fyrir fullu húsi. Þessir stórviðburðir hjálpuðu til við að ná góðri og jákvæðri fjölmiðlaumfjöllun um hljómsveitina strax í byrjun starfsárs.

Árangursríku markaðsstarfi Sinfóníunnar var fylgt eftir með kynningarefni þar sem hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar eru í forgrunni. Með því að færa linsuna nær hafa tónleikagestir og landsmenn allir fengið nýja og persónulegri sýn á hljómsveitina. Sinfónían leitast við að ná fram mannlega þættinum og sýna hvernig hver og einn hljóðfæraleikari er einstakur og hæfileikaríkur - en aðeins sem heild getur hljómsveitin töfrað fram sífóníur.


Sérstök áhersla var lögð á að efla rafræna markaðssetningu og samfélagsmiðla Sinfóníunnar m.a. með birtingu á myndböndum frá æfingum og tónleikum.



## Þróun fjölda tónleikagesta



## Fjöldi seldra áskriftarkorta



## Þróun í miðasölu

	'08/'09	'09/'10	'10/'11	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15
<b>Heildarsala</b>	28.472	36.743	50.130	56.950	56.873	51.757	<b>51.546</b>
- Utan áskriftar	17.940	23.423	34.876	33.211	35.185	31.085	<b>31.750</b>
- Innan áskriftar	10.122	13.320	15.254	23.739	21.688	20.672	<b>19.796</b>
<b>Hlutfall áskrifta</b>	35,60%	36,30%	30,40%	41,70%	38,00%	40%	<b>38%</b>

Einnig var lögð áhersla á samtal við áheyrendur og að heyrna hug þeirra. Gallup gerði skoðanakönnun fyrir SÍ meðal almennings í lok október 2014. Mælingar á ímynd hljómsveitarinnar eru að hækka og þá sérstaklega hjá konum. 96,3% tónleikagesta voru ánægðir með síðustu tónleikaupplifun sína og aðeins 0,4% óánægðir. Athyglisvert er að unga fólkið er ánægðara en þeir sem eldri eru. Fleiri segjast vera líklegri til að fara á tónleika á næstu 12 mánuðum en í síðustu mælingu sem er jákvætt. 76,3% hafa tekið eftir auglýsingum Sinfóníuhljómsveitarinnar sem er tiltölulega hátt hlutfall m.v. að 33,1% hafa farið á tónleika á sl. 2-3 árum. Eftirtektin er jöfn eftir aldurs-  
hópum en meiri eftirtekt fylgir hærri tekjum.

Einnig var gerð könnun meðal áskrifenda hljómsveitarinnar og mæld viðhorf þeirra til dagskrár áskriftaraða á síðasta stafsári. Um 91% aðspurðra voru mjög eða frekar ánægðir með sína röð/raðir, 7% voru hvorki ánægðir né óánægðir og um 2% frekar óánægðir en enginn mjög óánægður. Enn meiri ánægja mældist með val á hljómsveitarstjórum og einleikurum. Athygli vakti að það sem skiptir mestu máli við val á tónleikum meðal aðspurðra var efnisskrá tónleika frekar en einleikari eða stjórnandi.

Gamma var aðalstyrktaraðili hljómsveitarinnar á starfsárinu og var það annað árið af þriggja ára samstarfssamningi. Gamma kynnti samstafið í auglýsingum sem birtar voru í öllum helstu dagblöðum og tímaritum þar sem meðlimir SÍ voru í forgrunni.

## Úr tónleikasal – beinar útsendingar og upptökur

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða

---

dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Á undan útsendingum geta hlustendur Rásar 1 fræðst um tónlistina og listamennina í þættinum Á leið í tónleikasal og í hléi er fræðandi og skemmtileg dagskrá. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal í Sarpinum á ruv.is.

Líkt og áður útvarpaði RÚV frá allflestum tónleikum Sinfóníunnar á Rás 1 og sýndi frá völdum tónleikum í sjónvarpi. Alls var 29 tónleikum útvarpað, 22 tónleikar voru sendir út beint og upptökur frá 7 tónleikum voru sendar út síðar.

RÚV sýndi nýjan sjónvarpsþátt með jólatónlist sem nefndist Hátíðarstund með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sýndi upptöku frá tónleikum á Listahátíð í Reykjavík 2014 þar sem Osmo Vänskä stjórnar 3. sinfóníu Mahlers.

RÚV er aðili að Evrópusamtökum útvarpsstöðva (EBU) og eru upptökur frá tónleikum Sinfóníunnar því einnig sendar út á fjölda erlendra útvarpsstöðva. Að

jafnaði þanta 5-10 stöðvar upptökur frá hverjum tónleikum SÍ.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Síminn stóðu fyrir tilraunaverkefni undir lok starfsársins þar sem þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar var sjónvarpað beint á sérstakri rás í Sjónvarpi Símans. Tilraunaútsendingar mæltust vel fyrir og var ákveðið að senda beint frá völdum áskriftartónleikum á næsta starfsári og gefa fólki kost á að gerast áskrifendur að rás Sinfóníunnar í Sjónvarpi Símans. Einnig voru gerðar tilraunir með útsendingar frá skólatónleikum í gegnum Sjónvarp Símans og var sent út frá tvennum tónleikum á Patreksfjörð þar sem nemendur úr nálægum grunnskólum komu saman í Skjaldborg til að horfa og hlýða á. Samstarfið við Símann gerir hljómsveitinni kleift að nýta nýja miðla og tækni til að ná til stærri áheyrendahóps um land allt með fjölbreyttari hætti. Sýrland sér um upptökustjórn og útsendingar.



BBC  
Proms





# BBC Proms





---

### 3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2014-15

#### Hljómsveitarstjórar

Andrew Grams  
Andrew Litton  
Anna-Maria Helsing  
Bernharður Wilkinson  
Daníel Bjarnason  
David Danzmayr  
Dirk Vermeulen  
Eivind Aadland  
Frank Strobel  
Gennadíj Rozhdestvenskíj  
Guðni Franzson  
Hans Graf  
Ilan Volkov  
Israel Yinon  
Ligia Amadio  
Lionel Bringuier  
Osmo Vänskä  
Pascal Rophé  
Petri Sakari  
Pietari Inkinen  
Rico Sacconi  
Rumon Gamba  
Santtu-Matias Rouvali  
Sergei Fedoseev  
Torodd Wigum  
Vladimir Ashkenazy  
Yan Pascal Tortelier

#### Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Áshildur Haraldsdóttir, flauta  
Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó  
Baldvin Oddsson, trompet  
Bergþór Pálsson, söngur  
Björn Ingiberg Jónsson, söngur  
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló  
Dísella Lárusdóttir, söngur  
Einar Jóhannesson, klarínnett  
Elmar Gilbertsson, söngur  
Erna Vala Arnardóttir, píanó  
Eva Þórarinsdóttir, fiðla  
Garðar Thór Cortes, söngur  
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, söngur  
Hanna Dóra Sturludóttir, söngur  
Hávarður Tryggvason, kontrabassi  
Hulda Björk Garðarsdóttir, söngur  
Jóhann Jóhannsson, einleikari  
Jóhann Smári Sævarsson, söngur  
Kolbrún Völkudóttir, táknmálssöngur  
Lilja María Ásmundsdóttir, píanó  
Nicola Lolli, fiðla  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla  
Steiney Sigurðardóttir, selló  
Viðar Gunnarsson, söngur  
Víkíngur Heiðar Ólafsson, píanó  
Þóra Einarsdóttir, söngur  
Þórður Þorláksson, söngur

#### Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Barnabás Keleman, fiðla  
Eivør Pálsdóttir, söngur  
Evgeny Kissin, píanó  
Golda Schultz, söngur  
Hákan Hardenberger, trompet  
Jonathan Biss, píanó  
Jorma Hynninen, söngur  
Nicola Benedetti, fiðla  
Pekka Kuusisto, fiðla  
Simon Trpčeski, píanó  
Tanja Tetzlaff, selló  
Viktoria Postnikova, píanó

#### Listamenn á Tectonics Reykjavík

Úlfur Hansson  
Catherine Lamb  
Kristín Þóra Halldórsdóttir  
Áki Ásgeirsson  
Iancu Dumitrescu  
Robyn Schulkowsky  
Hlynur Aðils Vilmarsson  
Klaus Lang  
Elena Kats-Chernin  
Magnús Pálsson  
Alvin Curran  
Ilan Volkov  
Stephen O'Malley  
Nýlókórinn  
Karlakór alþýðu, Þráinn Hjálmarsson  
kórstjóri  
Arnar Jónsson, leikari  
Guðrún Gísladóttir, leikari

---

## Kórar og sögumenn o.fl.

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Karen Janine Sturlaugsson, stjórnandi

Denise Yaghi, Freyþór Össurarson, Sophie Webb og Þorkell Jónsson, dansarar

Dúó Harpverk

Egill Ólafsson, söngvari og sögumaður

Flemming Viðar Valmundsson, harmonikkuleikari

Gerður Sjöfn Ólafsdóttir og Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkar

Gradualekór Langholtskirkju, Jón Stefánsson, stjórnandi

Halldóra Geirharðsdóttir, Barbara / kynnir

Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir

Høgni Lisberg, trommur

Karлакór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson, stjórnandi

Karлакórinn Fóstbræður, Árni Harðarson, stjórnandi

Kristín Ýr Jónsdóttir, flauta

Fríða Rún Frostadóttir, harpa

Lilja Hákonardóttir, Maxímús Músíkus

Nemendur úr Listdansskóla Íslands, Birgitte Heide, Guðmundur Helgason, Margrét Gísladóttir og Nanna Ólafsdóttir, æfingastjórn

Magnus Johannessen, píanó

Mikael Blak, bassi og hljóðgerfill

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, Snorri

Heimisson, stjórnandi

St. Petersburg Festival Ballet

Stúlknaкór Reykjavíkur, Margrét J. Pálmadóttir, stjórnandi

Tróndur Bogason, hljómborð

Vox Signum, tálknmálskór

## Listahátið 2015

Stuart Skelton (Peter Grimes)

Theodór Pálsson (Drengur)

Judith Howarth (Ellen Orford)

Ólafur Kjartan Sigurðarson (Balstrode)

Hanna Dóra Sturludóttir (Frænka)

Hallveig Rúnarsdóttir (Smáfrænka 1)

Lilja Guðmundsdóttir (Smáfrænka 2)

Snorri Wium (Robert Boles)

Viðar Gunnarsson (Swallow)

Ingveldur Ýr Jónsdóttir (Frú Nabob Sedley)

Garðar Thór Cortes (Séra Horace Adams)

Oddur Arnþór Jónsson (Ned Keene)

Jóhann Smári Sævarsson (Hobson)

Kór Íslensku óperunnar

Guðmundur Óli Gunnarsson, kórstóri



---

## 4. Tónleikar starfsárið 2014-15

### Áskriftartónleikar

#### Gul tónleikaröð

##### 11. september 2014 - Víkingur leikur Beethoven

- Páll Pampichler Pálsson: Largo mistico (frumflutningur)
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 1
- Sergej Prokofjev: Sinfónía nr. 6  
Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri  
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

##### 25. september 2014 - Eva og Mahler

- Max Bruch: Fiðlukonsert nr. 1
- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5  
Lionel Bringuier hljómsveitarstjóri  
Eva Þórarinsdóttir einleikari

##### 27. nóvember 2014 - Sellókonsert og sinfónía

- Felix Mendelssohn-Bartholdy: Fingalshellir, forleikur
- John Speight: Sellókonsert (frumflutningur)
- Ralph Vaughan Williams: Sinfónía nr. 4  
Israel Yinon hljómsveitarstjóri  
Bryndís Halla Gylfadóttir einleikari

##### 5. febrúar 2015 - Sinfóniur nr. 3 með Osmo

- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 3
- Anton Bruckner: Sinfónía nr. 3  
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri

##### 5. mars 2015 - Hardenberger og Tortelier

- Edward Elgar: Á suðurslóðum, forleikur
- Henri Tomasi: Trompetkonsert
- Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 1  
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri  
Håkan Hardenberger einleikari

##### 30. apríl 2015 - Posnikova og Rozhdestvenskíj

- Ígor Stravinskíj: Pulcinella, svíta
- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 4
- Pjotr Tsjajkovskíj: Hljómsveitarsvíta nr. 3  
Gennadíj Rozhdestvenskíj hljómsveitarstjóri  
Viktoria Postnikova einleikari

##### 4. júní 2015 - Sumarblær með Dvořák

- Hector Berlioz: Lér konungur, forleikur
- Stewart Copeland: Poltroons in Paradise
- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 6  
Andrew Grams hljómsveitarstjóri  
Dúó Harpverk einleikarar

#### Rauð tónleikaröð

##### 4. september 2014 - Upphafstónleikar með Litton

- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 7
- Richard Strauss: Ævintýri Ugluspegils
- Richard Strauss: Sex Brentano-söngvar  
Andrew Litton hljómsveitarstjóri  
Golda Schultz einsöngvari

##### 2. október 2014 - Kissin og Ashkenazy

(endurteknir 1. október)

- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 3
- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 2  
Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri  
Evgeny Kissin einleikari

##### 6. nóvember 2014 - Rumon stjórnar Korngold

- Vincent d'Indy: Le camps de Wallenstein
- Sveinn Lúðvík Björnsson: Klarínnettukonsert (frumflutningur)
- Erich Wolfgang Korngold: Sinfónía

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri  
Einar Jóhannesson einleikari

## 22. janúar 2015 - Macbeth og Kullervo

- Richard Strauss: Macbeth, símfónískt ljóð
- Jean Sibelius: Kullervo, símfónískt ljóð  
Petri Sakari hljómsveitarstjóri  
Jorma Hynninen einsöngvari  
Þóra Einarsdóttir einsöngvari  
Karlakór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson  
stjórnandi  
Karlakórinn Fóstbræður, Árni Harðarson stjórnandi

## 19. febrúar 2015 - Beethoven og Stravinskíj

- Ludwig van Beethoven: Leónóra, forleikur nr. 1
- Ígor Stravinskíj: Fiðlukonsert
- Ludwig van Beethoven: Símfónía nr. 2  
Santtu-Matias Rouvali hljómsveitarstjóri  
Pekka Kuusisto einleikari

## 26. mars 2015 - Benedetti leikur Mozart

- Ottorino Respighi: Trittico Botticelliano
- Wolfgang Amadeus Mozart: Fiðlukonsert nr. 5
- Paul Hindemith: Mathis der Maler, símfónía  
Hans Graf hljómsveitarstjóri  
Nicola Benedetti einleikari

## 28. maí 2015 - Chopin og Nielsen

- Frédéric Chopin: Píanókonsert nr. 1
- Carl Nielsen: Símfónía nr. 5  
Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri  
Simon Trpčeski einleikari

## Græn tónleikaröð

### 18. september 2014 - Úr nýja heiminum

- Bedřich Smetana: Moldá
- Sergej Prokofjev: Fiðlukonsert nr. 2
- Antonín Dvořák: Símfónía nr. 9, „Úr nýja heiminum“

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri  
Barnabás Keleman einleikari

